



Borgarráð


Efni: Svar við fyrirspurn um kostnað við auglýsingar hjá Reykjavíkurborg

Á fundi borgarráðs þann 24. janúar 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, um auglýsingakostnað Reykjavíkurborgar á árabílinu 2010-2018 og það sem af er ári 2019:

Hvað hefur borgin auglýst í fjölmíðlum fyrir háar upphæðir á áranum 2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018 og það sem af er árinu 2019? Svarið óskast sundurliðað eftir miðlum tæmandi talið, eftir dagblöðum, útvarpi, sjónvarpi, hverfablöðum og öðrum þeim miðlum sem auglýst hefur verið í.

Svar við fyrirspurninni:


Á árunum 2010-2019 var kostnaður Reykjavíkurborgar við birtingu auglýsinga samtals 1.016.520 þkr og sést í meðfylgjandi mynd og töflu hvernig kostnaðurinn skiptist á milli ára:



Varðandi síðari lið fyrirspurnarinnar ber að hafa eftirfarandi í huga. Til að unnt sé að tilgreina sérstaklega hver kostnaður var við einstaka miðla, þ.e.a.s. hversu mikill kostnaðurinn var vegna birtingu auglýsinga sundurliðað eftir sjónvarpi, útvarpi, dagblöðum, hverfablöðum eða öðrum miðlum þyrftu reikningar birgja að vera sundurliðaðir eftir einstökum miðlum. Til frekari skýringa á auglýsingakostnaði, sbr. töfluna hér að ofan, á kostnaðurinn við um allar birtingar á auglýsingum borgarinnar, sama hvaða sviði þær tilheyra. Í reikningum birgja er heildar auglýsingakostnaður

tilgreindur í reikningi, burtséð frá því hvort um útvarps, sjónvarps eða dagblaðaauglýsingar er að ræða og í mörgum tilvikum um hvaða miðil er að ræða. Til frekari skýringa á þessu getur samtala auglýsingakostnaðar eins birgis átt við um t.d. útboðsauglýsingar, auglýsingar um skipulagsmál, atvinnuauglýsingar, auglýsingar vegna grunnskóla, leikskóla, markaðs- og kynningarmál vegna borgarinnar og margt fleira án þess að sérstaklega sé tilgreint í hvaða miðlum er auglýst og um tegund auglýsingar. Er skýringin einkum sú að birgjar eru ekki í öllum tilvikum miðlar, sem slíkir, heldur getur verið um að ræða t.d. auglýsingastofur, verkfræðistofur, birtingahús, Reykjavíkurborg sjálfa eða aðra. Umfang auglýsinga og birtinga er því yfirgripsmikið og ólíkt eftir því hvert viðfangið er og hver heldur utan um/sér um birtingar þeirra.

Birgjar voru tæplega 500 talsins á nefndu árabili. Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig auglýsingakostnaður skiptist á milli þeirra birgja sem eru með meira en 1% viðskipta af heildar auglýsingakostnaði eða samtals 25 birgjar. Aðrir birgjar (tæplega 475) voru hver og einn með minna en 1% kostnaðar sem samtals nemur 206.264 þkr. eða 20,3% af heildarkostnaði árána 2010 til upphafs ársins 2019.



Birgjar	Kostnaður (þkr)	Hlutfall
365 - prentmiðlar ehf	191.044	18,79%
Árvakur hf	60.727	5,97%
Hvíta húsið ehf	59.676	5,87%
Ríkisútvarpið ohf	59.413	5,84%
H.Pálsson ehf	57.329	5,64%
MD Reykjavík ehf.	32.494	3,20%
Torg vefverslun ehf.	31.261	3,08%
Útgáfufélagið Heimur hf	27.570	2,71%
Icelandair ehf	24.349	2,40%
Já hf.	23.288	2,29%
Skrautás ehf	23.211	2,28%
Pípar Media ehf.	21.866	2,15%
Fröken ehf.	21.229	2,09%
Capacent ehf	19.900	1,96%
Borgarblöð ehf	18.610	1,83%
ABS media ehf	18.327	1,80%
ENNEMM ehf	16.205	1,59%
Markaðsnetið ehf	15.496	1,52%
Með oddi og egg ehf	15.350	1,51%
Morgundagur ehf	15.174	1,49%
Nasdaq OMX Nordic OY	11.909	1,17%
Facebook advertising IK	11.863	1,17%
Kvikmyndahúsið ehf	11.611	1,14%
Auglýsingamiðlun ehf	11.561	1,14%
Alfreð ehf.	10.794	1,06%
Samtals yfir 1% hlutdeild	810.256	79,71%
Aðrir með minnan en 1%	206.264	20,29%
Alls kostn. 2010 til 2018/9	1.016.520	100,00%

útvarp, sjónvarp, prentmiðlar, netmiðlar eða annað) heldur einungis heildarkostnað allra auglýsinga borgarinnar á tilgreindu árabili.



Halldóra Káradóttir,
f.h. fjármálastjóra

Þegar rýnt er í töfluna hér til hliðar má sjá hvernig sundurliðun auglýsingakostnaðar er bókaður eftir birgjum sem hvort heldur geta verið miðlar eða aðrir birgjar. Um 79,7% kostnaðar eða 810.256 þkr leggst til vegna þeirra 25 birgja sem hver fyrir sig eru með meira en 1% af heildafjárhæð auglýsingakostnaðar.

Dæmi: H. Pálsson ehf. er verkfræðistofa sem sér um auglýsingar á aðal- og deiliskipulagi borgarinnar, svo eitthvað sé nefnt. Ekki er hægt að sjá sundurliðun í fjárhaldskerfi á því í hvaða miðlum þær auglýsingar birtust. Þannig gæti hluti þess auglýsingakostnaðar sem bókaður er á H. Pálsson ehf. verið vegna auglýsinga sem birtust í prentmiðlum t.d. bæði Árvakurs hf. og 365 prentmiðla ehf. til viðbótar við þann kostnað sem er bókaður beint á þá miðla, sbr. töfluna hér til hliðar. Gefur því framangreind mynd svo og taflan ekki rétta mynd af því hvernig sundurliðuð skipting er á birtingum auglýsinga eftir miðlum og eftir tegund miðla (þ.e.